# EMBÆTTI, SÝSLANIR

**1983:**

13. des. var Vigfúsi Guðmundssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Húsavíkurumdæmis (Húsavíkur Apótek) frá og með 1. júlí 1984 að telja.

19. des. var cand. odont. Guðrúnu Haraldsdóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

**1984:**

5. jan. voru Ragnhildur Hjaltadóttir, löglærður fulltrúi, og Guðbjörg Ársælsdóttir, fulltrúi, skipaðar deildarstjórar í samgönguráðuneytinu frá 1. janúar 1984.

9. jan. var Ólafi Pálmasyni, mag. art., veitt lausn úr stöðu deildarstjóra í þjóðdeild Landsbókasafns Íslands að eigin ósk frá 1. janúar 1984 að telja.

10. jan. var cand. med. et chir. Sigurði Boga Stefánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

11. jan. var Sir Athelstan Caröe veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Liverpool.

S. d. var James Anthony Brown skipaður til þess að vera kjörræðismaður Íslands í Liverpool.

12. jan. var Gylfi Haraldsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Laugarási, Biskupstungum, frá og með 1. júlí 1984 að telja.

13. jan. var Frank W. C. Pitt veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Bristol. Ræðisskrifstofunni hefur jafnframt verið lokað.

19. jan. var Helga I. Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Guðjóni Erling Friðrikssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Guðgeiri Ingólfi Friðjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

24. jan. var Stefáni Melsted, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. jan. var Magnúsi Jónssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Grindavíkurumdæmis frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Sigurbergi Guðjónssyni, héraðsdómara við embætti bæjarfógetans í Kópavogi, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1984 að telja.

S. d. var Sigurði Rafni Bjarnasyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Norðfjarðarumdæmis (Nes Apótek, Neskaupstað), frá og með 1. júlí 1994 að telja.

1. febr. var Soffía Magnúsdóttir, fulltrúi, skipuð til þess að vera deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. febrúar 1984 að telja.

7. febr. var cand. med. et chir. Sigurgeiri M. Jenssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Atla G. Steingrímssyni cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Stefáni Yngvasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

8. febr. var cand. med. et chir. Baldvini Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

9. febr. var cand. med. et chir. Sveini Rúnari Haukssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. afhenti Sigurður Bjarnason herra Giani Zail Singh, forseta Indlands, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Indlandi með aðsetur í Reykjavík.

10. febr. var Ásmundi Magnússyni, lækni, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis í Vestmannaeyjum frá og með 1. mars 1984 að telja.

S. d. var Shreekrishna Datye, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum hér á landi.

S. d. var Jóni Gunnlaugi Jónassyni, cand. mag. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Magnúsi Ólasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í orkulækningum hér á landi.

S. d. var Einari Steingrímssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Birni P. Flygenring veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

13. febr. var Bergi Sigurði Oliverssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Gísla Einarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

S. d. var Jóhannesi Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingalæknisfræði hér á landi.

14. febr. var Pertti Lindqvist skipaður til að vera varakjörræðismaður í Lahti, Finnlandi.

16. febr. var aðalræðismaðurinn í Montevideo, Walter Koltonski, skipaður til þess að vera einnig aðalræðismaður Íslands í Buenos Aires.

S. d. var Antonio Ruiz Ochoa skipaður til þess að vera kjörræðismaður Íslands í Puerto Rico.

S. d. var Graham G. Hayward skipaður kjörræðismaður Íslands í Kuala Lumpur.

20. febr. var Eiríki Tómassyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

22. febr. var cand. med. et chir. Helga Jóhannesi Ísakssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Sveini Guðmundssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

24. febr. var cand. med. et chir. Jónasi Ingimarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

27. febr. var cand. odont. Friðgerði Samúelsdóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var Önnu Inger Eydal, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp hér á landi.

S. d. var Klemenz Eggertssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. febr. var Andrési Sigvaldasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lungnalækningum sem hliðargrein við almennar lyflækningar hér á landi.

S. d. var Pétri Thorsteinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Kristínu Gísladóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

29. febr. var Friðrik Vagn Guðjónsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir við heilsugæslustöð á Siglufirði frá og með 1. ágúst 1984 að telja.

2. mars var cand. med. et chir. Jan Philip Junker Eikeland veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Þorsteinn Sigfússon skipaður til að gegna starfi forstöðumanns Gunnarsholtshælis, Rangárvallasýslu, frá og með 1. apríl 1984.

6. mars var Jóni Kr. Sólnes, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

13. mars var Þórarinn E. Sveinsson skipaður yfirlæknir í krabbameinslækningum við Landspítalann frá og með 15. mars 1984.

14. mars var Kristjáni Erlendssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum með ofnæmis- og ónæmisfræði sem undirgrein, hér á landi.

S. d. var Helga J. Ísakssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í líffærameinafræði hér á landi.

S. d. var Torfa Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugalækningum hér á landi.

15. mars var Böðvari Helga Sigurðssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Gunnar Aðalsteinsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu frá 1. apríl 1984 að telja.

S d. var Valgarður Sigurðsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu frá 1. apríl 1984 að telja.

16. mars var Ásbirni Ólafi Sveinssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Ísafjarðarumdæmis (Ísafjarðar Apótek) frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Guðmundi Sigurðssyni, lækni, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum héraðslæknis í Austur-Egilsstaðahéraði frá og með 1. september 1984 að telja.

19. mars var skipað í eftirtaldar hlutastöður dósenta í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1984 að telja: Bjarki Magnússon dósent í líffærameinafræði, Tómas Á. Jónasson dósent í meltingarsjúkdómum og Þröstur Laxdal dósent í barnasjúkdómafræði.

28. mars var cand. med. et chir. Sigurði Kristjánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

29. mars var cand. med. et chir. Björgu Kristjánsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

30. mars var cand. med. et chir. Sólveigu Óskarsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. apríl var gefin út löggilding handa Auðunni Finnssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og af norsku.

S. d. var Hallgrími Magnússyni, lækni, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Patreksfirði frá 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var gefin út löggilding handa Lúðvík Emil Kaaber til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi í og úr ensku.

S. d. var gefin út löggilding handa Boga Arnari Finnbogasyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi í og úr ensku.

4. apríl var cand. med. et chir. Birni Einarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. apríl var gefin út löggilding handa Má Magnússyni, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og af þýsku.

6. apríl var Þórður Örn Sigurðsson skipaður lektor í rómönskum málum, með sérstöku tilliti til spænsku, í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 að telja.

13. apríl var Stefán P. Þórarinsson, stjórnarráðsfulltrúi, skipaður til að vera deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. maí 1984 að telja.

S. d. var Kjartan S. Júlíusson, fulltrúi, skipaður til að vera deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. maí 1984 að telja.

16. apríl var Sjöfn Sigurbjörnsdóttir skipuð kennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá 1. ágúst 1984 að telja.

17. apríl afhenti Pétur Thorsteinsson, Sir Ninian Stephen, landstjóra Ástralíu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Ástralíu með aðsetur í Reykjavík.

18. apríl var cand. med. et chir. Rolf Åke Christian Lindell veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

26. apríl var Daníel Gunnarssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

27. apríl var Baldur Sigfússon skipaður í stöðu dósents í geislalæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1984 að telja.

30. apríl var Sigurði G. Jónssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs Apóteks Austurbæjar í Reykjavík frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Guðmundi Steinssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar í Breiðholtshverfi III í Reykjavík. Skyldi reksturinn hefjast svo fljótt sem verða mætti.

S. d. var Gylfi Kristinsson, stjórnmálafræðingur, skipaður deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. maí 1984.

2. maí var Þorsteini Sigurðssyni, lækni, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum héraðslæknis í Norður-Egilsstaðahéraði, fyrir aldurs sakir frá og með 1. júlí 1984 að telja.

4. maí var cand. med. et chir. Sigurði Júlíussyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Benedikt Jónsson skipaður til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 6. maí 1984 að telja.

8. maí var Dino Eminente veitt lausn frá störfum sem aðalkjörræðismaður Íslands í Napoli.

S. d. var Roberto Eminente skipaður kjörræðismaður Íslands í Nepoli.

S. d. var Svölu Thorlacius, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Almari Grímssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs Hafnarfjarðar Apóteks, Hafnarfirði, frá og með 1. janúar 1985 að telja.

10. maí var Magnúsi Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

11. maí var dr. med. Ólafi Bjarnasyni veitt lausn frá prófessorsembætti í réttarlæknisfræði í læknadeild Háskóla Íslands fyrir aldurs sakir frá 31. desember 1984 að telja.

14. maí var Eiríki Benjamínssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Bárði Sigurgeirssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Einari Ólafi Arnbjörnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnaskurðlækningum, sem hliðargrein við almennar skurðlækningar, en leyfi til þeirra fékk hann 16. mars 1981.

S. d. var Ara Ó. Halldórssyni cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

15. maí var cand. med. et chir. Marianne Ósk Brandsson-Nielsen veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Sigurjóni Guðjónssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Garðabæjarumdæmis frá og með 1. janúar 1985 að telja.

S. d. var Erni Ævari Markússyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs Garðs Apóteks í Reykjavík frá og með 1. janúar 1985 að telja.

17. maí var eftirtöldum veitt leyfi til þess að mega kalla sig og starfa sem sjóntækjafræðingar hér á landi, sbr. lög nr. 17/1984 um sjóntækjafræðinga: Benedikt Ólafsson, Bergsteinn

Stefánsson, Egill Ingólfsson, Einar Pálsson, Elín Bjarnadóttir, Gunnar Þór Benjamínsson, Haraldur Stefánsson, Karl Kreidler, Kristín Gunnarsdóttir, Walter Lenz, Árni P. Björgvinsson, E. Pétur Christiansen, Gunnar Guðjónsson, Gunnar Klingbeil, Harald Kristófersson, Hilmar Herbertsson, Jóhann Sofusson, Karl Davíðsson, Kjartan Kristjánsson.

22. maí var Arnmundi Backman, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

25. maí var Guðmundur Kristjánsson, settur forstjóri ríkisprentsmiðjunnar, skipaður til þess að vera forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.

S. d. var Magnús R. Jónasson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við Heilsugæslustöðina í Fossvogi frá og með 1. júní 1984 að telja.

28. maí var Ludvig Guðmundsson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við Heilsugæslustöðina Seltjarnarnesi frá og með 1. júní 1984 að telja.

30. maí lést Harry Ingolf Hansen varakjörræðismaður Íslands í Svendborg.

4. júní var Óttari Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Sigurði Sveinssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Haraldi Óskari Tómassyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

5. júní var Thorsten Adolf Magnus Thörnblad skipaður kjörræðismaður með vararæðisstigi í Kungshamn.

S. d. var Kjell Elis Hansson skipaður kjörræðismaður með vararæðisstigi í Lysekil.

6. júní var Þórunni Guðmundsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Magnúsi M. Norðdahl, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

7. júní var Sigurður V. Sigurjónsson skipaður lektor í líffærafræði í læknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára frá 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Brynjólfi Ingólfssyni, ráðuneytisstjóra, veitt lausn frá embætti, vegna veikinda frá 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Jón Þ. Hallgrímsson skipaður dósent í fæðingar- og kvensjúkdómafræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 til 30. júní 1989.

8. júní var séra Stefáni Snævarr, Dalvík, vegna aldurs, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Dalvíkurprestakalli og prófasts í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 15. september 1984 að telja.

S. d. var Leifur A. Símonarson, lic. scient., skipaður dósent í steingervingafræði í jarðfræðiskor verkfræði- og raunvísindastofnunar Háskólans frá 1. júlí 1984 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá sérfræðingsstöðu í jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans frá fyrrgreindum tíma að telja.

14. júní var Gunnsteinn Stefánsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Egilsstöðum frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Jóhann Tómasson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Reykjalundi, Mosfellssveit, frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Þórey Kolbeins, settur yfirkennari, skipuð til þess að vera yfirkennari við Þroskaþjálfaskóla Íslands frá og með 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Tryggva Gunnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

15. júní var Sigríður Á. Snævarr skipuð til að vera sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júní 1984 að telja.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa síra Flóka Kristinssyni fyrir Hólmavíkurprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa síra Sigurði Árna Þórðarsyni fyrir Ásaprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi.

S. d. var Jóni Þórðarsyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Patreksfjarðarumdæmis (Patreks Apótek) frá og með 1. júlí 1984 að telja.

18. júní var Ólafi Siemsen veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Klemensi Tryggvasyni, hagstofustjóra, veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir, frá 1. janúar 1985 að telja.

19. júní var Pétri Lúðvíkssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnataugalækningum hér á landi.

20. júní var Lýður Björnsson skipaður dósent í sagnfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. júní 1984 að telja.

21. júní var Ólafi Grími Björnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í meinefnafræði og meinalífeðlisfræði hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Ásgeiri Böðvarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Arnaldi Valgarðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S. d. var Hlédísi Guðmundsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

22. júní var séra Kristni Ágústi Friðfinnssyni, sóknarpresti á Suðureyri, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Staðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi.

25. júní var Áslaug Brynjólfsdóttir skipuð fræðslustjóri í Reykjavík frá 1. júlí 1984 að telja, sbr. lög nr. 63/1974, um grunnskóla. Jafnframt var henni veitt lausn frá starfi yfirkennara við Fossvogsskóla í Reykjavík frá sama tíma.

27. júní var Bjarni Vilhjálmsson leystur frá því að gegna embætti þjóðskjalavarðar frá 1. desember 1984 að telja.

28. júní var Haraldur Briem skipaður dósent í lyflæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Þórhildur Ólafsdóttir skipuð lektor í frönsku í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. lést Hugo Brammer kjörræðismaður Íslands í Helsingör.

5. júlí var Knud Teisen skipaður til þess að vera kjörræðismaður Íslands í Birmingham.

S. d. voru Axel Nikolaison og Sigrún Magnúsdóttir skipuð kennarar við Flensborgarskólann í Hafnarfirði.

9. júlí voru Ástþór Gíslason og Guðjón Ó. Magnússon skipaðir kennarar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá 1. ágúst 1984 að telja.

11. júlí var Hilmar Jón Bragason skipaður kennari við Menntaskólann að Laugarvatni frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. voru Daniéle Fernandez og Fanný Ingvarsdóttir skipaðar kennarar við Menntaskólann við Sund frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Þór Vigfússon skipaður skólameistari Fjölbrautaskólans á Selfossi frá 1. ágúst 1984 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá stöðu kennara við Menntaskólann við Sund frá sama tíma.

S. d. voru Björn Gunnlaugsson og Snorri Baldursson skipaðir kennarar við Ármúlaskólann í Reykjavík frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Ólafur S. Magnússon skipaður kennari við Ármúlaskólann í Reykjavík frá 1. september 1984 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá kennarastöðu við grunnskóla Reykjavíkur frá sama tíma.

12. júlí voru Ásdís Kristjánsdóttir og Guðrún S. Helgadóttir skipaðar kennarar við Menntaskólann í Kópavogi frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Elísabet S. Hannesdóttir skipuð kennari við Menntaskólann í Kópavogi frá 1. september 1984 að telja. Jafnframt var henni veitt lausn frá starfi kennara við grunnskóla Kópavogs frá sama tíma.

13. júlí var Halldóri Ásgrímssyni sjávarútvegsráðherra falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir vegna utanfarar Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra.

16. júlí voru skipaðir eftirtaldir kennarar við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1984 að telja: Anna Sigurðardóttir, Ásgerður Magnúsdóttir, Erna Árnadóttir, Jón Guðmundsson og Kristín Björk Gunnarsdóttir. Helga Þórðardóttir var skipuð félagsráðgjafi við skólann frá sama tíma.

17. júlí var Margrét Baldvinsdóttir skipuð kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. ágúst 1984 að telja.

19. júlí voru Lárus H. Bjarnason og Þórunn Klemenzdóttir skipuð kennarar við Menntaskólann við Hamrahlíð frá 1. ágúst 1984 að telja.

20. júlí var Helgi Jónsson skipaður kennari við Tækniskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Birni Gunnlaugssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

24. júlí var Sigurður M. Magnússon, eðlisfræðingur, skipaður til þess að vera forstöðumaður geislavarna Hollustuverndar ríkisins frá og með 1. júlí 1984 að telja.

30. júlí var Ólafi Steinari Valdimarssyni, settum ráðuneytisstjóra, veitt embætti ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu frá 1. sama mánaðar.

S. d. var Halldóri S. Kristjánssyni, settum skrifstofustjóra, veitt embætti skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu frá 1. sama mánaðar.

S. d. var Sigurjóni Jónssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Vestmannaeyjaumdæmis (Apótek Vestmannaeyja) frá og með 1. janúar 1985 að telja.

1. ágúst var gefið út takmarkað og tímabundið leyfi samkvæmt 25. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingastarfsemi, handa Peter J. Constable, enskum ríkisborgara, til þess að starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir Alþjóðalíftryggingafélagið hf., til tveggja ára frá og með 1. ágúst 1984 að telja.

3. ágúst var Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur, skipaður í embætti hagstofustjóra, frá 1. janúar 1984 að telja.

7. ágúst var cand. odont. Árna Þórðarsyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var cand. odont. Agli R. Guðjohnsen veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

9. ágúst var Ólöf Pétursdóttir, deildarstjóri, skipuð í embætti héraðsdómara við embætti bæjarfógetans í Kópavogi frá 15. september 1984 að telja.

13. ágúst var Baldri Möller veitt lausn frá embætti ráðuneytisstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir aldurs sakir frá 1. desember 1984 að telja.

S. d. var Benedikt Ásgeirsson skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1984 að telja.

S. d. var Gunnar Snorri Gunnarsson skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1984 að telja.

S. d. var Sigríður Berglind Ásgeirsdóttir skipuð sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1984 að telja.

S. d. var Erni Sigurðssyni veitt lausn frá embætti deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, að eigin ósk, frá 1. september 1984 að telja.

14. ágúst var Stefáni Eggertssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum hér á landi.

15. ágúst var Steini Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Sigurjón H. Ólafsson skipaður lektor í munnskurðlækningum í tannlæknadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1984 að telja.

S. d. voru eftirtalin skipuð lektorar í tannlæknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára frá 1. september 1984 að telja: Einar Ragnarsson, lektor í gervitannagerð, Sigurjón Arnlaugsson, lektor í tannvegsfræði, Karl Örn Karlsson, lektor í bitfræði og formfræði, Guðrún Gísladóttir, lektor (50% hlutastaða) í tannvegsfræði.

15. ágúst kom Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra heim úr för sinni til útlanda og tók við störfum forsætisráðherra, sem falin höfðu verið Halldóri Ásgrímssyni vegna fjarveru hans.

23. ágúst var Sigurjóni Jónssyni, að hans ósk, veitt lausn frá störfum forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins frá og með 1. janúar 1984 að telja.

24. ágúst var Davíð Erlingsson skipaður lektor í íslenskum bókmenntum í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Margréti Oddsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Grétari Ottó Róbertssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

28. ágúst var Alfreð Ómari Ísakssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

30. ágúst var Andrés Magnússon, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Patreksfirði frá og með 1. nóvember 1984 að telja.

31. ágúst var cand. odont. Hauki F. Valtýssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

1. sept. tók Haukur Ólafsson við starfi sem sendiráðsritari við sendiráð Íslands í Bonn.

S. d. tók Hjálmar W. Hannesson við starfi sem sendiráðunautur í alþjóðadeild utanríkisráðuneytisins.

S. d. tók Hörður H. Bjarnason við starfi sem sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Washington.

S. d. tók Benedikt Jónsson við starfi sem sendiráðsritari í Moskvu.

3. sept. var dr. Bragi Jósepsson skipaður dósent í uppeldisfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1984 að telja.

5. sept. var Ólafi R. Ingimarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

S. d. var Stefán Þórarinsson, læknir, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Austurlandshéraði, sbr. 6. gr. 2. tl. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, frá og með 1. september til og með 30. júní 1986.

12. sept. var gefið út veitingarbréf handa séra Jóni Helga Þórarinssyni fyrir Dalvíkurprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

S. d. var Tryggva Agnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Friðjóni Erni Friðjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Hjálmari R. Bárðarsyni, siglingamálastjóra, veitt lausn frá embætti, að eigin ósk, frá 1. desember 1984.

20. sept. var cand. med. et chir. Sigurlaugu Sveinbjörnsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Ármanni Snævarr, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. nóvember 1984 að telja.

S. d. var Jóni Brynjólfssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Halldóri Kolbeinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

21. sept. var Guðmundi M. Jóhannessyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í blóðsjúkdómum hér á landi.

S. d. var Stefáni Niclas Stefánssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Einari Ólafssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

1. okt. var Trausta Péturssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Árna Vésteinssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

5. okt. var Ólafur Ásgeirsson skipaður þjóðskjalavörður frá 1. desember 1984 að telja.

21. okt. afhenti Hannes Hafstein herra Hosni Mubarak forseta Egyptalands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Egyptalandi með aðsetur í Genf.

30. okt. var Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri, skipaður ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. janúar 1985 að telja.

31. okt. var Guðmundur Skaftason, hæstaréttarlögmaður, skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. nóvember 1984 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Ágústu Andrésdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

2. nóv. var Markús Örn Antonsson skipaður útvarpsstjóri frá 1. janúar 1985 að telja.

6. nóv. var Guðmundur Björnsson, fulltrúi, skipaður til að vera deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. nóvember 1984 að telja.

8. nóv. var cand. med. et chir. Valþóri Stefánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

9. nóv. var Ugga Þ. Agnarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Andra Árnasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Magnúsi Böðvarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Jóhann Heiðar Jóhannsson skipaður dósent í meinafræði munns og kjálka í tannlæknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára frá 1. september 1984 að telja.

12. nóv. var cand. med. et chir. Hannesi Stephensen veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. nóv. afhenti Tómas Á. Tómasson, Baudouin Belgíukonungi, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Belgíu.

16. nóv. var cand. med. et chir. Jóni Jóhannesi Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

19. nóv. var Aage Vestergaard skipaður varakjörræðismaður Íslands í Kolding.

S. d. var Elinor Brammer skipuð kjörræðismaður Íslands í Helsingör.

23. nóv. afhenti Tómas Á. Tómasson, Gaston Thorn formanni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og hinn 26. nóvember Jim O'Keefe staðgengli formanns Evrópubandalaganna trúnaðarbréf sín sem sendiherra Íslands hjá Efnahagsbandalagi Evrópu.

27. nóv. var Theodor G. Sigurðssyni cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. des. var sr. Kristjáni Róbertssyni, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Hálsprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 31. desember 1984 að telja.

S. d. var Garðari Garðarssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Jóni Halldórssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

5. des. var Þráni Rósmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnaskurðlækningum hér á landi.

S. d. var Friðriki Vagni Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

10. des. var Sigrún Klara Hannesdóttir skipuð dósent í bókasafnsfræði í félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. desember 1984 að telja.

11. des. var Jóni Böðvarssyni veitt lausn frá stöðu skólameistara við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík, frá 1. janúar 1985 að telja, samkvæmt hans eigin ósk.

12. des. var Þorsteinn Halldórsson, Dipl. Phys., skipaður prófessor í tilraunaeðlisfræði við eðlisfræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

14. des. var Helga Júlíusi Óskarssyni cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Maríu Sigurðardóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Kára Stefánssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugalækningum hér á landi.

S. d. var Ásgeiri Haraldssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

18. des. var eftirtöldum dýralæknum veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi: Cand. med. vet. Alfreð Schiöth, cand. med. vet. Katrínu Andrésdóttur og cand. med. vet. Þorvaldi Hlíðdal Þórðarsyni.

S. d. var Sveinn Helgi Guðmundsson skipaður til að vera héraðsdýralæknir í Norð-Austurlandsumdæmi.

20. des. var Hjörleifi Þórarinssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

23. des. var Jónínu Bjartmarz, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

27. des. var Magnús Þ. Torfason kjörinn forseti Hæstaréttar frá 1. janúar 1985 til ársloka 1986. Sigurgeir Jónsson hæstaréttardómari var kjörinn varaforseti til sama tíma.

S. d. var Tómas Árnason, fyrrverandi ráðherra, skipaður bankastjóri við Seðlabanka Íslands frá 1. janúar 1985 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Einfríði Árnadóttur veitt almennt lækningaleyfi.

28. des. var Ellert Ágústi Magnússyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

31. des. var Kornelíus J. Sigmundsson skipaður til að vera sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. janúar 1985 að telja.

S. d. var Jóni A. Sigurpálssyni, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, veitt lausn frá embætti að eigin ósk frá og með 1. janúar 1985.

S. d. var Húnbogi Þorsteinsson skipaður til þess að vera deildarstjóri í félagsmálaráðuneytingu frá 1. janúar 1985 að telja.